

Fundur var haldinn í hreppsnefnd Tjörneshrepps í Sólvangi 15. ágúst klukkan 17:00.

Allir aðalmenn mættir. Aðalsteinn J. Halldórsson, Sveinn Egilsson, Smári Kárason, Jón Gunnarsson og Katý Bjarnadóttir. Oddviti setur fund og býður fundarmenn velkomna.

1. Stöðuleyfi Héðinshöfði 1.
Samkvæmt samþykki Skipulags- og byggingarnefndar er samþykkt að veita stöðuleyfi fyrir gáma í malargrifjunni á Héðinshöfða til 1. maí 2019.
2. Persónuvernd.
Samþykkt var að semja við Pacta lögmenn og að Hallgrímur Jónsson yrði persónuverndarfulltrúi hreppsins.
3. Þjóðgarðsstofnun.
Erindi lagt fram til kynningar.
4. Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga.
Sveitarstjórn Tjörneshrepps samþykkir formbreytingu Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga úr hlutafélagi í sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri á grundvelli fyrirbyggjandi tillögu að samþykktum fyrir sjálfseignarstofnunina. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn Tjörneshrepps að hlutafélagins í hlutafélaginu verði breytt í stofnfé í sjálfseignarstofnuninni. Aðalsteini er falið að fara með umboð sveitarfélagsins á stofnfundi sjálfseignarstofnunarinnar sem gert er ráð fyrir að fari fram í ágúst mánuði 2018.
5. Hafnarmál.
Samþykkt er að hreinsa grjót úr höfninni.
6. Nýr samningur um félagsþjónustu.
Lagður fram til kynningar.
7. Hitaveita í Tjörneshreppi.
Oddvita falið að vinna verkefnið áfram í samstarfi við sveitarstjórn.

Fleira ekki gert. Fundið slitið kl. 18:10.

Katý Bjarnadóttir

Aðalsteinn J. Halldórsson

Sveinn Egilsson

Smári Kárason

Jón Gunnarsson